



# Fréttabréf Árskógarsskóla

Leik- og grunnskóli, Árskógi, Dalvíkurbyggð

22. tölublað, 3. árgangur, júní 2014 Ábyrgðarmaður: Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson

námsÁhugi-þRautseigja-Samvinna-leiKur-útiskÓli-Gleði-Umhyggja-viRðing

## Vissir þú að....

höfrungar "sofa" með því að hvíla annan helming heilans!

## Gjöld

Engin leikskólajöld verða rukkuð fyrir júlí mánuð nema fyrir þau börn sem hætta við sumarfrí. Í staðinn verður ágúst mánuður greiddur að fullu.

Vil minna ykkur á að vera dugleg að fara yfir gjöldin og spyrja ef eitthvað er óljóst.

## Nýr nemandi

Tómas Sigurður var að byrja hjá okkur aftur eftir langt hlé. Viljum við bjóða hann hjartanlega velkominn aftur í skólann okkar.

## Opnun ágúst 2014 Eftir sumarfrí

Skólinn opnar á ný eftir sumarfrí miðvikudaginn 13. ágúst kl. 12:15 en þá mæta börn á leikskólastigi.

Nemendur á grunnskólastigi mæta í viðtal með foreldrum mánudaginn 25. ágúst, viðtalsboð í ágúst.

## Kæra skólasamfélag

Góðan dag gott fólk.

Í sumar eru tvö starfsár að baki í Árskógarsskóla sem leik- og grunnskóla. Þessi ár hafa verið okkur afar lærdómsrík. Starfsfólk skólans hefur lagt á sig mikla vinnu við að láta þetta stóra verkefni verða að veruleika, þ.e. að búa til heildstæðan skóla tveggja skólastiga undir sama þaki. Margt hefur verið reynt, flest gengið vel en annað síður. Við höfum alltaf sett það markmið að prófa sem flest og finna okkar leið í námi og kennslu, læra af reynslunni og sífellt leita leiða til að gera betur. Skólinn er á réttri leið, það segja kannanir meðal foreldra, starfsmanna og nemenda. Það hefur skipt sköpum við uppbygginguna að samfélagið á Ströndinni hefur tekið breytingunum á jákvæðan hátt, og stutt við starfið á margvíslegan hátt. Allir sem að skólanum koma hafa staðið saman, unnið saman að því markmiði að gera skólann að góðum stað fyrir alla sem að honum koma. Það er því bjart framundan, ekki bara sumar og sól, heldur áframhaldandi jákvætt og uppbyggjandi skólalald þar sem liggja mörg sóknarfæri m.a. í enn betri tengingu skóla og nærumhverfis, meiri tengsl við fólkíð á Ströndinni sem þátttakendur og miðlara reynslu og þekkingar til okkar nemenda. Takk fyrir 2. starfsár Árskógarsskóla, takk fyrir samstarfið.

Kveðja frá skólastjórnendum, Hjördís Jóna & Gunnþór Eyfjörð G.

## Skólaslit 6. júní

Skólaslit Árskógarsskóla verða föstudaginn 6. júní kl. 10:00 í félagsheimilinu. Þann dag fá nemendur afhentan vitnisburð, elsti árgangur leikskólastigs er formlega útskrifaður af því skólastigi og við kveðjum og útskrifum 7. bekk. Nemendur grunnskólastigs mæta eingöngu á skólaslit þann dag og fara svo í sumarfrí, enginn skólabíll þennan dag.

Athöfnin tekur um klukkustund og við hvetjum alla til að mæta og eiga góða stund saman áður en grunnskólastignemendur fara í sumarfrí.



Allir velkomnir

## Kynningarfundur um skólastarfið

Fyrstu vikuna í september verður kynningarfundur um skólann og starfið framundan. Þar verður m.a. farið yfir ábyrgð og skyldur nemenda, foreldra og skólans á hvoru skólastigi fyrir sig. Rætt um nám og kennslu, samstarf heimilis og skóla, heimanám, matartímana og þau viðmið sem við höfum sett okkur. Við ætlum að ræða um aðalnámskrá leik- og grunnskóla, stoðþjónustuna í skólanum og ýmislegt fleira sem eflaust brennur á fólki í upphafi nýs skólaárs. Fundurinn verður nánar auglýstur síðar. *Við í Árskógar skóla leggjum mikla áherslu á góð samskipti og samvinnu við heimilin. Þegar heimili og skóli vinna náið saman verður umgjörðin um barnið sterkari og möguleikar þess til að ná markmiðum sínum aukast.*



## Skóladagatal 2014-2015

Á vordögum var samþykkt skóladagatal Árskógar skóla sem er að finna [hér á heimasíðu](#). Vinsamlegast kynnið ykkur það vel og vandlega.

Sú breyting verður næsta vetur að við verðum með þriggja anna kerfi á grunnskólastigi, hver önn er um 12 vikur og sú fyrsta enda 17. nóvember með því að matsmappa nemenda fer heim vikuna áður og svo er viðtal en einnig eru smiðjuskripti. Önn tvö lýkur 2. mars með matsmöppu, viðtali og smiðjuskriptum og önn þrjú lýkur 29. maí með matsmöppur, smiðjulokum og svo eru skólaslit 5. júní. Markmiðið er að símat námsins verði greinilegra og matsmöppur verði stærri hluti þess.

## Merki skólans í vinnslu

Í vetur efndum við til samkeppni um merki skólans. Margar tillögur bárust. Skólaráð hefur valið tvær tillögur og fékk hana Karen mömmu Smára til að hanna merki út frá þeim. Hér eru **drög** að merki, hringurinn táknar stóra "kýraugað" í nýbyggingunni sem margir settu í sínar tillögur. Merkið er í vinnslu og mun taka einhverjum breytingum.



## Opnunartími og skóladagatal

Árskógar skóli er opinn alla virka daga frá 07:45-16:15.

Vinsamlegast kynnið ykkur **skóladagatal 2014-2015** svo allt sé á hreinu!






Munið eftir **myndasafninu** á heimasíðunni <http://www.dalvikurbyggd.is/arskogarskoli/>



náms**Á**hugi-þ**R**autseigja-**S**amvinna-lei**K**ur-útisk**Ó**li-**G**leði-**U**mhyggja-vi**R**ðing

# Viðburðadagatal júní 2014

Mánudagur Þriðjudagur Miðvikudagur Fimmtudagur Föstudagur **Laugardagur** **Sunnudagur**

2 1. júní Jón Ævar afmæli 	3	4	5	6 Skólaslit kl. 10:00 í félags- heimili  Sumarfrí grunnskólastigs	7	8
9 <b>Annar í hvítasunnu LOKAÐ</b>	10	11	12	13 Jón Tryggvi afmæli 	14	15 Sandra afmæli 
16	17 <b>Hæ hó jibbí jei</b>  Bergdís afmæli 	18	19	20	21	22
23	24 Útidótadagur 	25	26	27	28	29
30						